

Nr. 19-044 S 033 Arnar HU 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2265
Smíðaður: Noregi 1986, stál
Stærð: 1063 brl. 1854 bt.
Mesta lengd: 59,97 m *Skráð lengd:* 54,04 m
Breidd: 13 m *Dýpt:* 8,12 m
Vél: Wärtsilä 2998 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 26



Arnar©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. janúar 2019 var frystitogarinn Arnar HU 1 á siglingu á vesturmiðum. Veður: A 10 m/sek. Ölduhæð: 2 m.

Skipverji var að stilla beinastýringu í flökunarvél. Þegar hann var að herða boltahaus skrapp lykillinn af boltanum með þeim afleiðingum að hann lenti með hendina á fráskurðarhnífunum. Sárin voru saumað saman um borð.

Við rannsókn kom fram:

- að flökunarvélin var af gerðinni Baader 189;
- skipverjinn var búinn að taka öryggishlífina af fráskurðarhnífunum til að sjá betur hvernig hnífarnir lágu;
- að fráskurðarhnífarnir voru niðri og skipverjinn lenti með hendina í þeim. Skarst hann illa á litla- og baugfingri vinstri handar. Sárin voru saumuð saman um borð;
- að eftir slysið og önnur minniháttar atvik við flökunarvélinu voru keyptir sérstakir hanskar með skervörn fyrir baadermenn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.